

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skrifstofa landgæða
Skuggasundi 1
101 REYKJAVÍK
postur@uar.is

Reykjavík, 9.12.2019
Tilvísun vor: M-201-294/00.11

Efni: Áform um lagasetningu: Frumvarp til laga um Hálendisþjóðgarð – S-290/2019

Vísað er til máls nr. S-290/2019 í Samráðsgátt stjórnvalda þar sem ráðuneytið kynnir til umsagnar áform ráðuneytisins um að leggja fram á Alþingi frumvarp til laga um þjóðgarð á miðhálandi Íslands.

Landsvirkjun hefur lagt sig fram um að fylgjast með starfi þverpólitískrar nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu (hér á eftir kölluð *nefndin*) sem hóf störf í apríl 2018, bæði með því að kynna sér gögn sem hafa verið birt á vefsvæði nefndarinnar og með því að sitja opna fundi sem nefndin hefur haldið til að kynna verkefnið og starf sitt. Fyrirtækið telur að vinna nefndarinnar hvað upplýsingargjöf varðar sé til eftirbreytni.

Fyrirtækið hefur sent umsagnir um öll mál sem nefndin hefur kynnt í Samráðsgáttinni. Í skýrslunni kemur fram að lögð hafi verið áhersla á samráð og samskipti. Landsvirkjun vill benda á að fyrirtækið er hagsmunaaðili vegna fyrirhugaðra áforma og telur að það hefði verið til bóta að fá fund með nefndinni til að fara yfir sértæk atriði er varða þau mannvirki og rekstur sem fyrirtækið hefur á svæðinu.

Helstu athugasemdir, ábendingar og áherslur Landsvirkjunar:

- Íslendingar hafa mikla orkuhagsmuni á miðhálandinu, en um tveir þriðju hlutar raforkuvinnslunnar eru á svæðinu, og um það liggja flutningslínur.
- Æskilegt væri að halda orkuvinnslusvæðum utan þjóðgarðs, en ef ákveðið verður að hafa virkjunarsvæðin innan hans, eins og nefndin leggur til, þarf að tryggja áframhaldandi rekstur og framþróun orkukerfisins á svæðinu.
- Ef ákveðið verður að hafa virkjunarsvæði innan þjóðgarðs þarf að afmarka orkuvinnslusvæðin nægilega rúmt og veita skýrar heimildir vegna starfsemi sem vera má innan þeirra. Um þetta þurfa að vera skýr lagaákvæði.
- Skýr ákvæði þurfa að vera um stjórnsýslu, skipulag, leyfisveitingar og eftirlit innan þjóðgarðs. Jafnframt þarf stjórnunar- og verndaráætlun að vera skýr og ítarleg. Slíkt er mikilvægt þar sem hún hefur ígildi skipulags að hún muni fylgja með frumvarpi um þjóðgarðinn. Ný skýrsla Ríkisendurskoðunar til Alþingis um Vatnajökulsþjóðgarð getur nýst vel við undirbúning að stofnun Hálendisþjóðgarðs.
- Mikilvægt er að skýr ákvæði verði í lögum um samspil laga um Hálendisþjóðgarðar og annarra stefnumótunar sem Alþingi setur.
- Við mótun atvinnustefnu verði litið til þess að orkuvinnsla hefur verið á svæðinu í meira en hálfa öld og rannsóknir sýna að hagsmunir orkuvinnslu, ferðaþjónustu og útivistar geta oft farið saman.



Umsögn þessi tekur mið af niðurstöðum sem fram koma í nýrri lokaskýrslu nefndar um þjóðgarð á miðhálandinu.

Meiri tíma hefði mátt gefa til að greina skýrsla miðhálandisnefndar og tillögur hennar

Samráð um þetta mál hófst tæplega tveimur vikum áður en skýrsla nefndarinnar var kynnt og innan við ein vika hefur gefist til að lesa og greina skýrsluna áður en umsagnarfresti lauk. Það er of stuttur frestur fyrir svo umfangsmikið mál sem tekur til friðlýsingar á þriðjungi Íslands. Að mati fyrirtækisins væri eðlilegt að miða a.m.k. við svipaða tímafesti og gefnir eru við umhverfismat áætlaða og mat á umhverfisáhrifum framkvæmda, enda leggur friðun hald á land til langrar framtíðar og því eðlilegt að fylgja svipuðu verklagi í þessu efni og við gerð skipulagsáætlaða.

Vissulega mun gefast tækifæri til að veita umsögn um drög að frumvarpi á síðara stigi og síðan mun umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis væntanlega kalla eftir umsögnum verði frumvarp lagt fram. Til að umsagnir gagnist við vinnu við drög að lagafrumvarpi er mikilvægt að aðilar sem vilja koma ábendingum, athugasemdum og upplýsingum á framfæri við þau sem vinna að undirbúningi lagafrumvarps hafi tækifæri til kynna sér efni skýrslunnar og byggja umsagnir sínar á henni.

Íslendingar hafa mikla orkuhagsmuni á miðhálandinu og um tveir þriðju hlutar raforku-vinnslunnar eru á svæðinu

Íslenska þjóðin ræður yfir miklum endurnýjanlegum orkulindum á hálandinu, bæði í vatnsorku og jarðvarma og að auki eru þar mikil tækifæri til að vinna raforku með vindi. Í umsögnum til nefndarinnar hefur Landsvirkjun ítrekað bent á þetta og lagt áherslu á að atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið, Orkustofnun, Landsnet og Landsvirkjun fara með ríka hagsmuni á hálandinu.

Á miðhálandinu eru vatnsmiðlanir fyrir níu aflstöðvar Landsvirkjunar sem anna um tveimur þriðju af orkuþörf Íslands. Auk vatnsmiðlananna eru fimm aflstöðvar innan þess svæðis sem nefndin leggur til að miðhálandisþjóðgarður nái yfir. Þar eru einnig flutningsmannvirki í eigu Landsnets. Þessi mannvirki eru mjög þýðingarmikil fyrir raforkukerfi landsins og orkuöryggi landsmanna. Bent er á að mörg þeirra eru innan skipulagðra svæða. Hluti mannvirkja eru skráð hjá Þjóðskrá Íslands og af þeim eru greidd fasteignagjöld til viðkomandi sveitarfélaga. Þá er fallinn dómur um að vatnsréttindi skuli skráð og metin til fasteignagjalds. Enn fremur liggja fyrir leyfi forsætisráðuneytisins vegna nýtingar á þjóðlendum. Tillögur um hálandisþjóðgarð þurfa að taka mið af þessu.

Staða núverandi og framtíðar virkjunarsvæða

Í umsögn til nefndarinnar hefur Landsvirkjun lagt áherslu á að núverandi virkjunarsvæði verði utan þjóðgarðs. Í þessu sambandi má minna á að við endurskoðun á friðlýsingu Þjórsárvera árið 2017 var ákveðið að halda orkumannvirkjum utan friðlandsins. Í umsögn Landsvirkjunar dags. 28. júní sl. segir:

Með vísan til þess hvernig fyrirhugaður miðhálandisþjóðgarður er skilgreindur er nauðsynlegt að öll virkjunarsvæði Landsvirkjunar séu utan hans. Þótt tiltekinn sveigjanleiki sé fyrir hendi á orkuvinnslusvæðum eins og þau eru skilgreind í verndarflokki V, þá dugir hann ekki til eins og rökstutt er hér að framan. Því sýnist sá kostur einn í stöðunni að orkuvinnslusvæði Landsvirkjunar séu með öllu utan fyrirhugaðra þjóðgarðsmarka, sjá meðfylgjandi kort. Á Þjórsár-/Tungnaársvæðinu og á Blöndusvæði er að mestu um að ræða hluta af því svæði sem var á svokölluðu „mannvirkjabelti“ samkvæmt svæðisskipulagi miðhálandisins sem var í gildi fram á árið 2016. Við undirbúning virkjunarkosta horfði Landsvirkjun til þessa svæðis og reynt var að fara sem minnst út fyrir þetta belti með virkjunarmannvirki. Með þessu móti væri tryggt að hægt



væri að sinna viðhaldi, endurbótum og stækkunum á orkumannvirkjum sem nú eru í rekstri og stuðla að orkuöryggi í landinu. Samkvæmt núverandi lögum er farið með stækkanir virkjana á sama hátt og nýjar virkjanir og því er ekki hægt að sjá að slíkar stækkanir yrðu heimilaðar innan þjóðgarðs miðað við óbreytt orðalag núverandi tillögu.

Landsvirkjun telur að heppilegast væri að hafa orkuvinnslusvæði utan þjóðgarðs og hvetur ráðuneytið til að skoða það mál sérstaklega við undirbúning draga að frumvarpi. Ef ákveðið verður að hafa virkjunarsvæði innan þjóðgarðs, eins og nefndin leggur til, þarf að tryggja áframhaldandi rekstur og framþróun orkukerfisins á svæðinu. Í tillögum nefndarinnar um áherslu í kafla III í lagafrumvarpi er áherslum nefndarinnar varðandi orkunýtingu lýst í fjórum punktum:

- *Að heimilt verði að starfrækja innan Hálendisþjóðgarðs þær virkjanir og flutningsvirki raforku sem eru í rekstri við stofnun hans.*
- *Að hægt verði að viðhalda og þróa núverandi orkuvinnslusvæði og flutningsvirki raforku innan þjóðgarðs.*
- *Að málefni orkunýtingar í þjóðgarði skuli samræmast áætlunum Alþingis um orkunýtingu og flutning raforku og tekið verði tillit til þeirra í frumvarpinu.*
- *Að orkuöflun vegna þjónustu og reksturs þjóðgarðsins verði leyfð.*

Landsvirkjun telur mikilvægt að skýrt sé kveðið á um í lögum um heimildir fyrirtækisins til að reka og viðhalda þeim virkjanamannvirkjum sem eru á svæðinu. Jafnframt þarf að vera ljóst hver fer með skipulagsvald á svæðinu og veitir leyfi til framkvæmda.

Landsvirkjun skilur auk þess orðalag áhersluatriðis 3 þannig að heimilt verði að fara í framkvæmdir vegna virkjunarkosta í orkunýtingarflokki rammaáætlunar, enda fáið framkvæmda- og virkjunarleyfi, og að fullt tillit verði tekið til orkustefnu til langs tíma sem nú er unnið að, kerfisáætlunar Landsnets, rammaáætlun sem er í vinnslu, byggðastefnu og atvinnustefnu stjórnvalda. Jafnframt að verkefnisstjórn Rammaáætlunar verði heimilt að fjalla um og flokka virkjunarkosti innan þjóðgarðsins svo fremi að viðkomandi svæði njóti ekki sérstakrar verndar á grundvelli Náttúruverndarlaga. Landsvirkjun fagnar því að í megintillögu nefndar á bls. 36 í skýrslu nefndarinnar undir tl. 3 er texti sem svarar þessari athugasemd. Þar segir: *Í ljósi þess að þjóðgarðar hafa verið stofnaðir víðs vegar um heiminn þar sem fyrir var orkuvinnsla telur nefndin að hægt sé að leggja til að núverandi orkuvinnslusvæði verði innan Hálendisþjóðgarðs. Horfa þarf til þess að umrædd orkuvinnsla er þegar í gangi og starfsemin er alþjóðlega vottuð. Svæðin verði ekki skilgreind sérstaklega í verndarflokka en þau verði afmörkuð og skilyrði fyrir starfseminni skilgreind. Málefni orkunýtingar í þjóðgarðinum skuli samræmast áætlunum Alþingis um orkunýtingu og flutning raforku. Í viðauka I í skýrslunni er fjölmörgum athugasemdum margra aðila varðandi orkuflutningsleiðir, orkunýtingu, orkustefnu, orkuöryggi og rammaáætlun svarað með vísun í þessa tillögu. Samkvæmt þessu leggur því nefndin til að stofnun hálendisþjóðgarðs komi ekki í veg fyrir að fjallað verði um nýjar framkvæmdir innan þjóðgarðsins hvað þessa þætti varðar.*

Ítrekað er að brýnt er að miðhálendisþjóðgarður hamli ekki rekstri orkumannvirkja á svæðinu, að hægt verði að sinna viðhaldi þeirra og endurbótum og síðast en ekki síst verði unnt að stuðla að framþróun með því auka afl og hagkvæmni virkjana í rekstri að því gefnu að leyfi fáið fyrir þeim framkvæmdum. Hér er átt við að auka afl virkjana með því að stækka þær, eins og er mögulegt með allar efstu virkjanir á Þjórsársvæði, eða fara í nýjar framkvæmdir innan núverandi virkjunarsvæða sem miða að því að auka nýtingu og skilvirkni núverandi kerfis. Slíkar framkvæmdir eru ekki einungis fjárhagslega hagkvæmar heldur hafa í för með sér lágmarks áhrif á umhverfi og náttúru þar sem uppistöðulón o.fl. eru þar þegar til staðar. Nýleg dæmi um slíkar framkvæmdir eru Búðarhálsvirkjun, stækkun Búrfellsvirkjunar, tvær vindmyllur ofan Búrfells og breytingar á Hágöngustíflu. Fjölmörg önnur tækifæri eru til staðar sbr. virkjanir í Blönduveitu,



Skrokkölduvirkjun, vindlundir við Búrfellsvirkjun og Blönduvirkjun. Þessir virkjunarkostir og fleiri hafa verið til umfjöllunar í rammaáætlun og/eða mati á umhverfis-áhrifum lokið. Auk þess eru fleiri möguleikar sem ekki hafa verið til umfjöllunar innan stjórnsýslunnar. Hvergi annars staðar í núverandi virkjunarkerfi en á orkuvinnslusvæðum á miðhálandinu eru slík tækifæri til stækkana í virkjunum til að mæta þörf um sveigjanleika sem mun vaxa með rafvæðingu samgangna og tilkomu vindorkugarða.

Landsvirkjun hefur endurskoðað spár um meðalrennsli, flóð og tíðni flóða í vatnsföllum. Á sama hátt og Landsvirkjun tekur tillit til aukins meðalrennslis við hönnun nýrra virkjana og stækkana eldri virkjana er mögulegt að aðlagja þurfi núverandi mannvirki að stærri og tíðari flóðum. Samfara hopi jökla geta líka orðið breytingar á farvegum sem aðlagja þarf innviði að. Nýjasta dæmið er þegar Skeiðará rann yfir í Gígjukvísl samfara hopi Skeiðarársjökuls. Við það stóð lengsta brú landsins nánast á þurru en að sama skapi jókst álagið á brúna yfir Gígjukvísl.

Jafnframt verður að gera ráð fyrir að af öryggisástæðum þurfi að gera breytingar á mannvirkjum. Áhrif loftslagsbreytinga geta t.d. kallað á breytingar til að tryggja öryggi þeirra sem fara um hálendið og líffræðilega fjölbreytni ásamt þörf á að vernda náttúru- og menningarminjar. Fordæmi eru fyrir slíkum framkvæmdum t.d. við Hágöngulón og til að vernda Herðubreiðarlindir. Með hlýnun, breytingum á úrkomu og rýrnun jökla má gera ráð fyrir að vaxandi þörf verði fyrir slíkum framkvæmdum.

Með vísun til framangreinds og í ljósi þess hve fyrirhugaður þjóðgarður nær til stórs svæðis þarf að vera svigrúm til að nýta auðlindir sem þar er að finna með sjálfbærum hætti. Landsvirkjun leggur til að innan skilgreindra orkuvinnslusvæða verði heimilt að stækka núverandi virkjanir og byggja nýjar virkjanir að því gefnu að leyfi fáið fyrir þeim framkvæmdum. Fyrirtækið telur það vera í samræmi við tillögur nefndarinnar eins og bent hefur verið á hér að framan. Í þeim tilvikum sem umræddar framkvæmdir eru rammaáætlunarskyldar sé heimilt að taka þær til umfjöllunar. Áhersla er lögð á að þetta komi fram í friðlýsingarskilmálum þjóðgarðsins því samkvæmt lögum um rammaáætlun tekur hún ekki til landsvæða í A-hluta náttúruminjaskrár, sbr. lög um náttúruvernd, nema tekið sé fram í friðlýsingarskilmálum að virkjunarframkvæmdir séu heimilar á viðkomandi svæði. Nauðsynlegt er því að skýrleiki sé um þetta atriði í frumvarpi til laga um Hálendisþjóðgarð.

Nýta vandaða skýrslu Ríkisendurskoðunar til Alþingis um Vatnajökulsþjóðgarð

Í skýrslu til Alþingis dagsett í október 2019 gerði Ríkisendurskoðun grein fyrir úttekt á Vatnajökulsþjóðgarði sem unnin var að beiðni stjórnenda þjóðgarðsins. Í skýrslunni eru gerðar margar athugasemdir við starfsemina og settar fram tillögur til úrbóta.

Tillögunar snúa í fyrsta lagi að því að efla miðlæga stjórnsýslu en í skýrslunni kemur fram að miðlæg stjórnsýsla sé veikburða og hafi haft neikvæð áhrif á starfsemina í heild.

Í öðru lagi að bæta þurfi eftirlit með rekstri. Bent er á að auknar rekstrartekjur komi fyrst og fremst frá suðursvæðinu þar sem aðsókn ferðamanna hefur aukist mest.

Í þriðja lagi að styrkja skipulag og stjórnun. Í skýrslunni segir: *Stjórnskipulag Vatnajökulsþjóðgarðs er marglaga og flóknara en hjá flestum ríkisaðilum. Gæta þarf þess að valdmörk og boðleiðir séu skýr og tryggja að yfirstjórn á málefnum þjóðgarðsins í heild haldist í hendur við ábyrgð á hagkvæmri, skilvirkri og árangursríkri nýtingu þess fjár sem veitt er til starfseminnar. Einnig segir: Ein af áskorunum við stjórnun og skipulag Vatnajökulsþjóðgarðs hefur frá upphafi verið að finna jafnvægi á milli valddreifingar annars vegar og skýrrar ábyrgðar á rekstri þjóðgarðsins sem heildstæðrar stofnunar hins vegar. ... Lykilstjórnntæki á borð við stjórnunar- og verndaráætlun, atvinnustefnu, staðfest skipurit og reglugerðir um hlutverk og verkefni stjórnar*



og svæðisráða eru ýmist ekki til staðar eða bitlaus. Úrbætur á þessum þáttum verða hvorki tryggðar með breytingum á lagarammanum sjálfum né breytingum á stjórnendahópi þjóðgarðsins.

Í fjórða lagi þurfi að styrkja tekjustofna allra rekstrarsvæða þjóðgarðsins. Það vekur athygli að atvinnustefna innan þjóðgarðsins skuli ekki vera skýr eftir meira en áratugs rekstur og að umhverfis- og auðlindaráðherra hafi *hvorki sett reglur um skilyrði, málsmeðferð og gerð samninga um atvinnustarfsemi innan garðsins né fjárhæð og fyrirkomulag umræddra gjalda líkt og lög um Vatnajökulsþjóðgarð gera ráð fyrir.*

Ljóst er af skýrslunni að mikilvægt er að vanda vel til stofnunar þjóðgarðs sem tekur yfir þriðjungs af flatarmáli Íslands, ekki síst þar sem ætlunin virðist að fara svipaða leið varðandi stjórnun og rekstur. Mikinn lærdóm má draga af úttekt Ríkisendurskoðunar t.d. að ekki er nægilegt að setja á blað helstu áherslur um einstök atriði svo sem atvinnustefnu og stjórnunar- og verndaráætlun, ganga þurfi alla leið og ljúka verkinu.

Mikilvægi skýrra ákvæða um stjórnsýslu, skipulag, leyfisveitingar og eftirlit innan þjóðgarðs

Landsvirkjun leggur því með vísan til framangreinds áherslu á að í boðuðu frumvarpi þurfa að vera skýr ákvæði um hver fer með skipulagsvald, stjórnsýslu, leyfisveitingar, eftirlit o.fl. innan þjóðgarðs. Ef farin verður boðuð leið þá þarf að liggja fyrir hvaða heimildir viðkomandi sveitarfélög hafa til að setja eða breyta skipulagi innan svæðisins með vísun til þess að stjórnunar- og verndaráætlun svæðisins sé ætlað að hafa sambærilegt gildi og aðalskipulag. Jafnframt má benda á að almennt þarf t.d. leyfi frá Vatnajökulsþjóðgarði fyrir framkvæmdum innan þjóðgarðsins auk framkvæmdaleyfis frá sveitarfélaginu. Ef framkvæmdir eru í samræmi við stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðsins þarf í ákveðnum tilvikum ekki að sækja um leyfi frá þjóðgarðinum, framkvæmdaleyfi frá sveitarfélaginu nægir. Það skiptir því miklu máli að í frumvarpi til laga verði vandað til verka hvað varðar alla stjórnsýslu innan svæðisins.

Ferðamennska, orkuvinnsla og atvinnustefna

Í skýrslu nefndarinnar kemur fram að nefndin sýn nefndarinnar sé að skýr atvinnustefna sem tekur til umsvifa, athafna og framkvæmda þurfi að liggja fyrir við stofnun hans. Landsvirkjun telur að þetta þurfi að liggja fyrir áður en Alþingi tekur ákvörðun um að stofna þjóðgarð. Úttekt Ríkisendurskoðunar sýnir einnig mikilvægi þess að atvinnustefnan sé ítarleg og að leikreglur liggi fyrir og séu skýrar.

Við mótun atvinnustefnu telur Landsvirkjun að góð tækifæri séu til að tengja nýtingu á auðlindum hálendisins, til landbúnaðar, orkuvinnslu, ferðapjónustu og útivistar, við verndun og alþjóðlega samninga, t.d. Rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, líffræðilega fjölbreytni, landslagssáttmála Evrópu og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

Orkuvinnsla úr endurnýjanlegum orkugjöfum vekur áhuga ferðamanna og gæti átt góða samleið með markmiðum Hálendisþjóðgarðs. Landsvirkjun hefur staðið fyrir rannsóknum á viðhorfum ferðamanna til orkumannvirkja. Má þar nefna að á árinu 2016 framkvæmdi Gallup spurningakönnun fyrir Landsvirkjun sem gefur sterka vísbendingu um jákvætt viðhorf erlendra ferðamanna til endurnýjanlegrar orkuvinnslu á Íslandi. Samkvæmt könnuninni eru 97% erlendra ferðamanna jákvæð í garð endurnýjanlegra orkugjafa hér á landi. Rannsóknin var framkvæmd á netinu og voru þátttakendur 1.014 talsins.

Þá svöruðu þrír af hverjum fjórum, 75%, því til að vinnsla endurnýjanlegrar orku hefði haft jákvæð áhrif á það hvernig þeir upplifðu íslenska náttúru. Eitt prósent taldi hana hafa haft neikvæð áhrif á upplifunina. Tæplega helmingur aðspurðra, eða 46%, lýsti yfir áhuga á því að heimsækja gestastofu í aflstöð í næstu heimsókn sinni til landsins og 37% töldu að aukin vinnsla



endurnýjanlegrar orku á Íslandi myndi auka líkurnar á því að þau sæktu landið heim á ný. 93% þátttakenda í rannsókninni höfðu tekið eftir orkuvinnslu með endurnýjanlegum orkugjöfum í heimsókn sinni.

Jafnframt er að finna áhugaverðar upplýsingar um upplifun ferðamanna sem Háskóli Íslands gerði sumarið og haustið 2016 á áhrifum Blönduvirkjunar. Könnunin var sambærileg við ferðamenskukannanir sem Háskóli Íslands gerði fyrir faghóp 2 sumarið 2015 á sjö svæðum á landinu vegna 3. áfanga rammaáætlunar. Meginniðurstaðan var að 92% ferðamanna telja ósnortin víðerni hluta af aðdráttaraflí svæðisins, þó þar megi sjá ýmis virkjunarmannvirki og 89% telja svæðið í kringum Blönduvirkjun náttúrulegt en um 7 % telja það manngert. Það virðist því sem Blönduvirkjun raski ekki um of þeirri ímynd sem hálendið hefur sem ósnortið víðerni í augum ferðamanna sem þar fara um.

Að lokum

Landsvirkjun hefur eins og segir hér að framan lagt sig fram um að fylgjast með starfi nefndarinnar og sent umsagnir um öll mál sem nefndin hefur kynnt í Samráðsgáttinni. Í þeim hefur verið lögð sérstök áhersla á að nýting orkulinda á hálendinu hefur gríðarlega þjóðhagslega þýðingu enda er sú endurnýjanlega orka sem þar er framleidd undirstaða atvinnulífs og nútíma lífsgæða þjóðarinnar. Vegna þjóðhagslegra sjónarmiða og orkuöryggis þarf að vera unnt að reka orkumannvirki á miðhálendinu áfram, viðhalda þeim, endurnýja og endurbæta. Jafnframt þarf að huga möguleikum til stækkana í virkjunum á svæðinu til að mæta þörf um sveigjanleika sem mun vaxa með rafvæðingu samgangna og tilkomu vindorkugarða.

Landsvirkjun fer með mikla hagsmuni á svæðinu og hefur lagt áherslu á að nauðsynlegt er að gott samráð sé við fyrirtækið við undirbúning að stofnun þjóðgarðs. Fyrirtækið hefur auk þess sinnt margvíslegum rannsóknum á náttúrufari á svæðinu, rannsakað jökla, sinnt landmælingum og kortagerð. Allt þetta ætti að geta nýst við framangreinda vinnu. Landsvirkjun er reiðubúin til að skýra framangreindar athugasemdir og sjónarmið nánar ef þörf er á sem og veita nánari upplýsingar verði þess óskað.

Virðingarfyllt

Hörður Arnarson
forstjóri